

14. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögglumál.

18. júní

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 34 11. júní 1936, um sama efni.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. júní 1942.

Jakob Möller.

Páll Pálmason.

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveitu Hríseyjarkauptúns.

18. júní

1. liður.	Frosin sild	kr. 0.20	fyrir 100 kg
2. —	Saltsild	— 0.15	— tunnu
3. —	Grálúða	— 0.30	— —
4. —	Fiskur saltaður og hertur	— 0.35	— skippund
5. —	Fiskur innlagður í skip	— 0.04	— 100 kg
6. —	Vatnssalerni	— 5.00	— hvert
7. —	Baðker	— 5.00	— —
8. —	Kýr	— 6.00	— hverja
9. —	Hestar	— 6.00	— hvern
10. —	Kindur	— 0.15	— hverja
11. —	Kindur þar sem vatn er í húsi	— 0.25	— —
12. —	Svin	— 6.00	— hvert
13. —	Minkar	— 0.20	— hvern
14. —	Vatn til skipa	— 3.00	— smálest
15. —	Vatn til skipa minnsta gjald	— 7.20	
16. —	Vatnsskattur á sjóhúsibúð	— 5.00	á mánuði
17. —	Vatnssala samkv. 4. gr.	— 0.30	- smálest
18. —	Vökvun í garða er óheimil, nema með sérstöku leyfi og gjaldi.		
19. —	Lágmarksskattur á hús sé kr. 15.00, þar sem ein fjölskylda er í húsi, annars kr. 10.00 á fjölskyldu, þar sem fleiri búa.		
20. —	Gjalddagar skulu vera tveir á ári. 1. júní skal greiða helming af föstum vatnsskatti og helming af áætluðum skatti af þegar veiddum aflu. 1. október greiðist það, sem þá stendur eftir af skattinum.		

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. júní 1942.

Jakob Möller.

Páll Pálmason.